

**Fundargerð 57. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu fimmtudaginn 17. apríl 2014 kl. 8:30 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir og Guðjón Bragason. Sævar Skaptason var fjarverandi.

Frá FMS: Björn Jóhannsson og Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir

**Efni fundar: Aukafjárveiting til verkefna sem tilbúin eru til framkvæmda - 3. vinnufundur**

Fundur settur kl. 08:30

Listi sem kallað var eftir frá Björgvini í Umhverfisráðuneytinu er ekki kominn.

Mikilvægt að halda öllum þeim gögnum sem unnið er með núna til haga fyrir væntanlega framkvæmdaáætlun ferðamannastaða. Nefndin telur mikilvægt að hafa í huga að verið er að meta raunverulega þörf á fjárveitingum í málaflokkinn og því þurfi ekki að taka tillit til atriða eins og mótfamlags. Nefndin telur æskilegt að útbúinn sé skipulagður gagnabanki um málaflokkinn þar sem hægt er að nálgast fyrri umsóknir og ítarefni.

Formaður biður um að nefndarmönnum verði sendur umsóknarlisti yfir allar umsóknir.

Björn búinn að taka saman lista á excel skjali yfir þær umsóknir sem hlutu styrk en mætti bæta við upphæðina. Einnig þær umsóknir sem ekki hlutu styrk en hægt væri að veita fjármagn til.

Nefndin fer yfir listann og flokkar umsóknir samkvæmt þriggja punkta skala og metur þörf á fjármagni til framkvæmda á hverju stað.

1 – Mikilvæg verkefni sem þarf er að fara í.

2 – Verkefni sem uppfylla skilyrði og hægt væri að styrkja.

3 – Verkefni sem eru annars eðlis og ekki í forgangi miðað við núverandi aðstæður.

Farið yfir gögn sem borist hafa frá sveitarfélögum varðandi verkefni sem þau meta brýn og útbúinn listi yfir einstaka verkefni. Björn heldur áfram að fara yfir tillögur sveitarfélaganna eftir fundinn og skrá í vinnuskjalið. Í framhaldinu metur nefndin svo verkefnin samkvæmt fyrirliggjandi skala og gerir tillögur að styrkupphæðum.

Guðjón heldur áfram að kalla eftir upplýsingum frá sveitarfélögum og landshlutum.

Björn athugar hvar skipulagning hjólastígs í kringum Mývatn stendur.

Formaður telur nauðsynlegt að úthlutun verði auglýst í haust.

Næsti fundur verður boðaður miðvikudaginn 23. apríl Tímasetning ákveðin síðar.

Fundi slitið kl. 10:30

Fundargerð ritaði Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir



